# Alpha Primer Exterior

**(áður Alpha Aquafix Opaque)**

## Hvítur bindigrunnur




## Efnislýsing

Alpha Primer Exterior er vatnsþynnanlegur, hvítur akrýlbindigrunnur, ætlaður til notkunar utanhúss á steinsteypu, múrklæðningar, múrstein o.fl. Alpha Primer Exterior bindur sig vel við gleypið undirlag og eykur viðloðun fyrir málningu. Grunnurinn þekur vel, sápast ekki og hleypir raka í gegnum sig. Hægt er að mála yfir Alpha Primer Exterior með hefðbundinni akrýlmálningu og steinsílanmálningu.

## Meðhöndlun

Tryggið að yfirborðið sé þurrt og laust við ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Berið Alpha Primer Exterior á flötinn, þynnið með 10-15% vatni á mjög gljúpa og illa bundna fleti. Þegar grunnurinn er orðinn þurr má mála yfir hann með 1-2 umferðum af akrýl- eða steinsílanmálningu. Grunnið mjög  duftsmitandi fleti með Professional Microdispers.

*Sjá einnig verklýsingarblöð um málun á múrklæðningum, steinsteypu, sprungum og vatnsprettum á heimasíðu Sérefna.

## Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss
**Tegund:** Akrýl
**Hiti við málun:** 5-30°C – lægst 3°C yfir daggarmörkum
**Rakastig:** Mest 85%
**Þéttleiki:** Hvítt: Um 1,44 kg/$dm^3$
**Verkfæri:** Penslar, rúllur
**Þynning:** Tilbúið til notkunar. Þynnið með mest 10% vatni á mjög gljúpa fleti
**Þornun við 20°C og 65%RH:** Snertiþurrt eftir 2 klst, yfirmálun eftir um 6 klst
**Alkalíviðnám:** Sápast ekki
**Þekja:** 8-12 $m^2$/l. Efnisþörf veltur á undirlagi og aðferð við málun
**Litur:** Hvítt
**Umbúðir:** 2,5, 5 og 10  lítra dósir
**Hreinsun verkfæra:** Vatn
**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými
**Geymsluþol:** Minnst 12 mánuðir í lokuðum ílátum
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/h) 30 g/l (2010). Inniheldur mest 5 g/l